

## Tryggingarskilmálar fyrir slysalífeyristryggingu plús \*

Eftirfarandi skilmálar eru bein þýðing frumtextans sem er á þýsku. Þýðandi er Veturliði Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku. Jóhann Guðnason löggiltur skjalapýðandi í þýsku uppfærði þýðingu 7003/03.

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar. Hinn tryggði getur verið þú eða einhver annar, það fer eftir samkomulaginu sem gert er.

Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

### Almennir skilmálar fyrir slysalífeyristryggingu plús (Allianz AB RP 2000)

U 7003/03

#### Tryggingarumfang

- 1 Hvað er tryggt?
- 2 Hvaða tegundir bóta eru umsamdar?
- 2.1 Slysalífeyrisgreiðslur
- 2.2 Örorkubætur
- 2.3 Dánarbætur
- 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar?
- 4 Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir?
- 5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð?
- 6 Hvers þarft þú að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?

#### Bótamál

- 7 Hvers ber að gæta eftir slyss og meðan á bótagreiðslum stendur (skyldur)?
- 8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?
- 9 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?

#### Tryggingartími

- 10 Hvenær hefst samningstíminn og hvenær lýkur honum?  
Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?

#### Tryggingariðgjald

- 11 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?  
Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?

#### Önnur ákvæði

- 12 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?
- 13 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?
- 14 Hvernig geturðu forðast að kröfur tapist?
- 15 Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?
- 16 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?
- 17 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar?  
Hvað gildir um breytingar á pósthfangi þínu?
- 18 Hvaða lög gilda?
- 19 Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

<b>Tryggingarumfang</b>		Stóratá	5%
<b>1. Hvað er tryggt?</b>		Önnur tá	2%
1.1	Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir á gildistíma samningsins.	Auga	50%
1.2	Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.	Heyrn á öðru eyra	30%
1.3	Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slysatilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.	Lyktarskyn	10%
1.4	Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlími eða hrygg veldur því að - liðir snúast eða fara úr liði - vöðvar, sínar, liðbönd eða belgir togna eða rífna.	Bragðskyn	5%
1.5	Við bendum á reglur um takmörkun bóta (tölulíður 3), einstaklinga sem eru ekki tryggingarhæfir (tölulíður 4) og útilokun (tölulíður 5); þær gilda um allar tegundir bóta.	Við missi að hluta eða skerta starfshæfni gildir samsvarandi prósentustig.	
<b>2 Hvaða tegundir bóta eru umsamdar?</b>	Tegundum bóta samkvæmt þessum samningi er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum. Tryggingarupphæðin, sem þú hefur samið um við okkur, kemur fram í samningnum.	2.1.1.3.2	Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.
2.1	Slysalífeyrisgreiðslur.	2.1.1.3.3	Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt tölulíð 2.1.1.3.1 og tölulíð 2.1.1.3.2.
2.1.1	Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:	2.1.1.3.4	Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri orðið fyrir tjóni við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.
2.1.1.1	Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Örorkan er - komin fram innan eins árs eftir slysið og - hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.	2.1.1.4	Ekkert tilkall er til slysalífeyrisgreiðslna ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
2.1.1.2	Örorkustigið nemur að minnsta kosti - 50% við slys fyrir lok 60. æviárs - 70% við slys eftir lok 60. æviárs án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.1.3.3 og án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölulíð 3.	2.1.1.5	Falli hinn tryggði frá - af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða - af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið og hafi forsendur samkvæmt tölulíð 2.1.1.1 verið uppfylltar greiðum við að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 50% eða 70%. Fyrir mælingu örorkustigsins gilda tölulíðir 2.1.1.2 og 2.1.1.3 eftir því sem við á.
2.1.1.3	Örorkustig vegna slyss er mælt samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.	2.1.2	Tegund og hæð tryggingargreiðslu: Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur óháð aldri hins tryggða í þeirri hæð sem samið var um (tryggingarupphæð).
2.1.1.3.1	Við missi eða fulla óstarfhæfni eftirtalinnna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig: Handleggur 70% Handleggur fyrir ofan olnboga 65% Handleggur fyrir neðan olnboga 60% Hönd 55% Þumalfingur 20% Vísifingur 10% Annar fingur 5% Fótleggur ofan við mitt læri 70% Fótleggur að miðju læri 60% Fótleggur fyrir neðan hné 50% Fótleggur að miðjum kálfa 45% Fótur 40%	2.1.3	Byrjun og tímalengd.
		2.1.3.1	Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur - afturvirkir frá byrjun mánaðarinnar þegar slysið varð, - mánaðarlega fyrir fram.
		2.1.3.2	Við greiðum slysalífeyrisgreiðslur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða. Slysalífeyrisgreiðslum lýkur ennfremur í lok þess mánaðar þegar ný mæling samkvæmt tölulíð 9.4 hefur leitt í ljós að örorkustig vegna slyssins hefur lækkað niður fyrir 50% eða 70%.
		2.1.4	Hlutdeild í hagnaði meðan bótagreiðslur standa yfir.
		2.1.4.1	Uppruni hagnaðarhlutdeilda. Til að tryggja bótagreiðslur reiknum við með varlega áætlaðri 4% ávöxtun. Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærrí en þessi útreiknaða ávöxtun. Bótáþegar njóta gróðans sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeilda.

- 2.1.4.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar. Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi bótakrafa er hækkuð. Hækkuð bótakrafa er tryggð í áunninni hæð. Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram þegar bætur hafa verið þegnar í minnst eitt ár.
- 2.1.4.3 Hæð hagnaðarhlutdeildar. Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu réttlæta hækkun yfirstandandi bótakrafna. Eftir tillögu endurskoðanda tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi bótakröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins. Ef til hækkuðar bætur frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða bótakröfu.
- 2.1.4.4. Tekjur. Við notum minnst 70% vaxtatekna af varasjóðum – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra bótagreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar bótaþega. Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar bótaþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færum þær einstökum bótaþegum til tekna sem hækkaðar bótakröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu má yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar bótaþega.
- 2.2 Örorubætur.
- 2.2.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:
- 2.2.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka). Örorubætur er  
- komin fram innan eins árs eftir slysið og  
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.
- 2.2.1.2 Örorubætur nemur að minnsta kosti  
- 10% við slys fyrir lok 60. æviárs  
- 20% við slys eftir lok 60. æviárs  
án örorku sem var til staðar fyrir slysið samkvæmt 2.1.1.3.3 og án áhrifa sjúkdóma eða kvilla samkvæmt tölu 3.
- 2.2.1.3 Örorubætur vegna slyss er mælt samkvæmt ákvæðum í tölu 2.1.1.3.
- 2.2.1.4 Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.
- 2.2.1.5 Falli hinn tryggði frá  
- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða  
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið  
og hafi forsendur samkvæmt tölu 2.1.1.1 verið uppfylltar greiðum við, að því tilskildu að á grundvelli læknaskýrslna hefði mátt búast við örorkustigi sem næmi að minnsta kosti 10% eða 20%. Fyrir mælingu

örorkustigsins gilda tölu 2.1.1.3 og 2.2.1.2 eftir því sem við á.

## 2.2.2 Hæð tryggingargreiðslu:

2.2.2.1 Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstólsupphæð.

2.2.2.2 Útreikningur bóta byggist á hæð slysalífeyrisgreiðslu og örorkustigi vegna slyssins eins og hér fer á eftir:

Örorubætur prósentum	Hæð bóta
10 að 20 *)	10 mánaðarbætur
20 að 30	20 mánaðarbætur
30 að 40	30 mánaðarbætur
40 að 50	40 mánaðarbætur
50 til 100	50 mánaðarbætur

\*) Fyrir örorkustigin 10 að 20 prósentum greiðum við samkvæmt tölu 2.2.1.2 aðeins fyrir slys fyrir lok 60. æviárs.

## 2.3 Dánarbætur.

2.3.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu: Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs. Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt tölu 7.5.

2.3.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu: Við greiðum dánarbætur sem nema 12-földum slysalífeyrisgreiðslum.

**3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar?**  
Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans lækkar  
- prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða  
- bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða.  
Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

## 4 Hvaða einstaklingar eru ekki tryggingarhæfir?

4.1 Þeir sem þurfa mikla eða mjög mikla umönnun í skilningi almannatrygginga svo og geðsjúklingar eru ekki tryggingarhæfir og eru ótryggðir þótt iðgjald sé greitt.

4.2 Tryggingarverndin fellur niður jafnskjótt og hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölu 4.1. Jafnframt lýkur tryggingunni fyrir hann.

4.3 Iðgjald sem greitt hefur verið fyrir ótryggingarhæfa einstaklinga eftir að tryggingarvanhæfni kom upp greiðum við til baka.

## 5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð?

5.1 Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

5.1.1 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær

- verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða. Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slysatilviks sem fellur undir þennan samning.
- 5.1.2 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.
- 5.1.3 Slyss sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika. Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis. Þessi tryggingarvernd fellur niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur. Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði og ekki um slyss af völdum kjarna-, sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.
- 5.1.4 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir - sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttataekis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars; - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars; - við notkun geimfara.
- 5.1.5 Slyss sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem bílstjóri eða aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- 5.1.6 Slyss sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.
- 5.2 Þar að auki eru eftirfarandi tjón útilokuð:
- 5.2.1 Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsókin er slysatilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt tölulíð 1.3.
- 5.2.2 Heilsutjón vegna geislunar.
- 5.2.3 Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra. Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.
- 5.2.4 Sýkingar.
- 5.2.4.1 Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af - skordýrastungum eða -biti eða - öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum sem sýklar bárust um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.
- 5.2.4.2 Tryggingarverndin gildir þó fyrir - hundaæði og stífkrampa og einnig fyrir - sýkingar þar sem sýklarnir bárust inn í líkamann um sár eftir slyss sem ekki eru útilokuð samkvæmt tölulíð 5.2.4.1.
- 5.2.4.3 Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir tölulíður 5.2.3, önnur málsgrein, eftir því sem við á.
- 5.2.5 Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið. Tryggingarverndin gildir þó fyrir börn sem ekki eru orðin fullra tíu ára þegar slysið á sér stað. Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.
- 5.2.6 Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.
- 5.2.7 Maga- eða kvíðslit. Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.
- 6 Hvers þarft þú að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?**
- 6.1 Breytingu á starfi eða iðju hins tryggða (herskylduþjónusta, borgaraleg þjónusta eða hernaðarlegar varaliðsæfingar teljast ekki til þess) verður þú að tilkynna okkur tafarlaust því hæð tryggingarupphæðanna og/eða iðgjaldsins er ótvírætt háð þessum áðstæðum.
- 6.2 Reiknist lægri tryggingarupphæðir með sömu iðgjöldum eftir að breytingin varð gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá breytingunni. Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir gilda þær þegar einn mánuður er liðinn frá breytingunni. Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda bæði fyrir vinnuslyss og slyss utan vinnu.
- 6.3 Ef þú óskar þess höldum við líka samningnum áfram með sömu tryggingarupphæðum og áður og hærri eða lægri iðgjöldum strax og við höfum fengið tilkynningu frá þér.
- Bótamál**
- 7 Hvers ber að gæta eftir slyss og meðan á bótagreiðslum stendur (skyldur)?**
- Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.
- 7.1 Eftir slyss, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrir mælum hans og láta okkur vita.
- 7.2. Slysatilkynninguna, sem við sendum, verður þú eða hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.

- 7.3 Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.
- 7.4 Gefa ber læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, váttryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
- 7.5 Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.
- 7.6 Falli hinn tryggði frá meðan á bótagreiðslum stendur verður að tilkynna okkur tafarlaust um fráfall hans.
- 8 Hvaða afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?**  
Ef skylda, sem uppfylla ber eftir að slys hefur orðið, er vanrækt missir þú tryggingarverndina, nema þú hafir hvorki vanrækt skylduna af ráðnum hug né af vítaverðu gáleysi. Við vanrækslu af vítaverðu gáleysi heldur þú tryggingarverndinni að svo miklu leyti sem vanrækslan hefur hvorki haft áhrif á viðurkenningu bótamálsins né á ákvörðun bótaupphæðar. Við vanrækslu af ráðnum hug heldur þú tryggingarverndinni í þessum tilfellum að svo miklu leyti aðeins ef vanrækslan var ekki til þess fallin að skaða hagsmuni okkar alvarlega eða ef sök þín er ekki mikil.
- 9 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?**
- 9.1 Okkur er skylt að lýsa yfir því innan þriggja mánaða – við kröfu um dánarbætur innan eins mánaðar – hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:  
- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,  
- við örorkubótakröfur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku. Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við upp að 10% mánaðarlífeyris.
- 9.2 Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásáttir við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.
- 9.3 Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu inn á örorkubótagreiðsluna. Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð dánarbóta.
- 9.4 Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið. Þennan rétt  
- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt tölulíð 9.1,

- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins. Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

### Tryggingartími

- 10 Hvenær hefst samningstíminn og hvenær lýkur honum? Hvenær fellur tryggingarverndin niður í hernaði?**
- 10.1 Byrjun tryggingarverndarinnar. Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi tölulíðs 11.2.
- 10.2 Samningurinn gildir fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu. Ef samningstíminn er minnst eitt ár framlengist samningurinn um eitt ár í senn hafi okkur eða þér ekki borist uppsögn í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok yfirstandandi tryggingarárs. Ef samningstíminn er styttri en eitt ár lýkur samningstímanum á áætluðum tíma án þess að uppsagnar sé þörf. Ef samningstíminn er lengri en fimm ár er hægt að segja samningnum upp við lok fimmta ársins eða hvers árs þar á eftir; uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok yfirstandandi tryggingarárs.**
- 10.3 Uppsögn eftir bótamál. Þið og við getum ríft samningnum með uppsögn ef við höfum innt greiðslu af hendi eða þú hefur höfðað mál gegn okkur til greiðslu á bótakröfu. Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bótagreiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir að kæra er dregin til baka, krafa viðurkennd, sátt hefur náðst eða dómur hefur tekið gildi. Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs. Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.**
- 10.4 Hlé á tryggingarvernd í hernaði. Tryggingarvernd hins tryggða verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.
- Tryggingariðgjald**
- 11 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma?**

- 11.1 Iðgjald og tryggingarskattur.  
Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifalinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.
- 11.2 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / fyrsta eða einstakt iðgjald.
- 11.2.1 Gjaldþagi og réttur greiðslutími.  
Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjaldþaga – ef annað er ekki umsamið – strax eftir gerð samningsins.  
Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir viðtöku tryggingarskráteinisins og greiðsluáskorunarinnar, svo og eftir lok 14 daga andmælafrests sem tilgreindur er í tryggingarskráteininu.  
Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum gildir aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald.
- 11.2.2 Tryggingarvernd byrjar seinna.  
Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma heldur seinna gildir tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma.
- 11.2.3 Riftun.  
Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem iðgjaldið er ógreitt. Það telst riftun ef við berum ekki fram kröfu um fyrsta eða einstakt iðgjald fyrir rétti innan þriggja mánaða frá gerð samningsins.
- 11.3 Greiðsla og afleiðingar greiðsluseinkunar / framhaldsiðgjald.
- 11.3.1 Framhaldsiðgjöld falla í gjaldþaga, ef annað er ekki umsamið, fyrsta hvers mánaðar á umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskráteininu eða á iðgjaldsreikningnum.
- 11.3.2 Vanskil.  
Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma ert þú komin(n) í vanskil, án innheimtu, nema þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.  
Við sendum þér skriflega greiðsluáskorun og veitum þér að minnsta kosti tveggja vikna greiðslufrest.  
Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.
- 11.3.3 Engin tryggingarvernd.  
Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests gildir engin tryggingarvernd frá þeim tíma uns greiðsla hefur farið fram, ef þér hafði verið bent á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulíð 11.3.2, málsgrein 2.
- 11.3.4 Uppsögn.  
Ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna eftir lok þessa greiðslufrests getum við sagt samningnum upp, ef við höfum bent þér á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulíð 11.3.2, málsgrein 2.

Ef við höfum sagt upp og þú greiðir síðan innan eins mánaðar iðgjaldið sem rukkað var gildir samningurinn áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að uppsögnin berst og greiðslan kemur inn gildir þó engin tryggingarvernd.

- 11.4 Réttur greiðslutími með skuldfærslubeiðni.  
Ef samið er um að iðgjaldið sé skuldfært af reikningi telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið á þeim gjaldþaga sem tilgreindur er í tryggingarskráteininu og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu.  
Ef við höfum ekki getað skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega. Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.
- 11.5 Afborganir og afleiðingar greiðsluseinkunar.  
Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum falla allar afborganir í gjaldþaga ef þú lendir í vanskilum með eina afborgun.  
Ennfremur getum við framvegis krafist árlegrar iðgjaldsgreiðslu.
- 11.6 Iðgjald við samningslok fyrir tímenn.  
Ljúki samningstíma fyrir en áætlað var höfum við, ef annað er ekki ákveðið, aðeins tilkall til þess hluta iðgjaldsins sem samsvarar liðnum samningstíma.

## Önnur ákvæði

- 12 Hver er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?**
- 12.1 Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.
- 12.2 Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.
- 12.3 Áður en tryggingarkröfur falla í gjaldþaga er hvorki hægt að framselja þær né veðsetja án samþykkis okkar.
- 12.4 Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega í lífanda lífi.
- 13 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?**
- 13.1 Fullkomnar og réttar upplýsingar um aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat. Þér eða umboðsmanni þínum ber skylda til þess við gerð samningsins að tilkynna okkur um allar aðstæður, sem þér eru kunnar og skipta máli fyrir hættumat, skriflega, sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelaust og einkum að svara

- öllum spurningum í tryggingarumsókninni á þann hátt. Þær aðstæður skipta máli fyrir hættumat sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni. Aðstæður sem við höfum spurt um beint og skriflega teljast skipta máli fyrir hættumat ef um vafa er að ræða.
- Ásamt þér er hinn tryggði ábyrgur fyrir því að tilkynnt sé sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, og að spurningum, sem beint er til þín, sé svarað á sama hátt.
- Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum eða fulltrúa án umboðsvalds og hann veit um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, verður þú að láta koma þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju um þær eða þagað um þær á sviksamlegan hátt.
- 13.2 Riftun.
- 13.2.1 Forsendur og framkvæmd riftunar. Ófullkomnar og rangar upplýsingar um aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, veita okkur rétt til þess að rifta tryggingarsamningnum. Það gildir einnig ef aðstæður eru ekki eða ranglega tilgreindar af því að þú hefur á sviksamlegan hátt forðast að kynna þér sannleikann. Riftunin getur aðeins farið fram innan eins mánaðar. Fresturinn hefst með þeim tíma þegar við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni. Riftunin fer fram með yfirlýsingu til þín.
- 13.2.2 Útilokun riftunarréttar. Við höfum engan riftunarrétt ef við höfum vitneskju um hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður sem skipta máli fyrir hættumat. Það sama gildir ef þú sannar að hvorki þú né umboðsmaður þinn hafi gefið hinar röngu eða ófullkomnu upplýsingar á saknæman hátt. Ef þú áttir að tilgreina aðstæður, sem skipta máli fyrir hættumat, samkvæmt skriflegum spurningum okkar getum við þá aðeins rift vegna ótilgreindra aðstæðna, sem ekki var beinlínis spurt um, ef þú eða umboðsmaður þinn þögðuð um þær á sviksamlegan hátt.
- 13.2.3 Afleiðingar riftunar. Komi til riftunar fellur tryggingarverndin niður. Ef þegar hefur komið til bótamáls megum við ekki neita um tryggingarvernd ef þú sannar að hinar ótilgreindu eða ranglega tilgreindu aðstæður hefðu hvorki haft áhrif á að til bótaskyldu kom né á umfang bótanna. Komi til riftunar er okkur og þér skylt að endurgreiða móttæknar greiðslur; greiða ber vexti af fjárhæð frá móttöku. Við höldum þó tilkalli okkar til þess hluta iðgjaldsins sem samsvarar liðnum samningstíma á riftunartímanum.
- 13.3 Iðgjaldsbreyting eða uppsagnarréttur. Ef riftunarréttur okkar er útilokaður vegna þess að brotið gegn tilkynningaskyldu þinni var ekki saknæmt og hærra iðgjald er sanngjarnt fyrir aukna áhættu eigum við kröfu á því iðgjaldi frá byrjun yfirstandandi tryggingartímabils. Það sama gildir ef okkur var ekki við gerð samningsins greint frá aðstæðum sem skipta máli við að taka áhættuna vegna þess að þær voru þér ókunnar. Ef ekki er unnt að taka aukna áhættu samkvæmt grundvallarreglum fyrirtækis okkar þótt iðgjaldið sé hækkað getum við sagt tryggingarsamningnum upp með eins mánaðar uppsagnarfresti frá því að við fengum vitneskju um brotið gegn tilkynningaskyldunni. Uppsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist til þín. Rétturinn til iðgjaldshækkunar eða uppsagnar fellur niður ef hann er ekki nýttur innan eins mánaðar frá þeim tíma þegar við fengum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldunni eða aðstæður sem ekki voru tilgreindar.
- 13.4 Vefenging. Réttur okkar til að vefengja samninginn vegna sviksamlegra blekkinga um áhættuaðstæður helst óhaggaður.
- 14 Hvernig geturðu forðast að kröfur tapist?**
- 14.1 Þú átt enga kröfu til tryggingarverndar ef þú heldur bótakröfunni ekki fram fyrir dómi innan sex mánaða.
- 14.2 Fresturinn hefst þegar þér berst skrifleg höfnun okkar. Að virða ekki frestinn hefur þá aðeins lagaleg áhrif ef við höfum í bréfi okkar bent á nauðsyn þess að halda kröfunni fram fyrir dómi innan réttis frests.
- 15 Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum?**
- 15.1 Kröfur samkvæmt tryggingarsamningnum fyrnast á tveimur árum. Fresturinn hefst í lok þess árs sem bótakrafan varð til.
- 15.2 Ef þú hefur tilkynnt okkur um kröfu telst tíminn frá tilkynningunni þangað til skriflegur úrskurður okkar berst ekki með við útreikning frestsins.
- 16 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?**
- 16.1 Hvaða dómstóll hefur lögsögu um kærur gegn okkur vegna tryggingarsamningsins ákvarðast af aðsetri okkar eða því útibúi okkar sem sá um tryggingarsamninginn. Ef tryggingaumboðsmaður hefur unnið að gerð samningsins fellur lögsagan einnig undir dómstól á þeim stað þar sem tryggingaumboðsmaðurinn hafði skrifstofu sína þegar samningsgerðin eða miðlunin fór fram eða, ef hann hafði enga, þar sem hann hafði lögheimili.
- 16.2 Við getum lagt fram kröfur gegn þér við dómstólinn sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili.
- 17 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar? Hvað gildir um breytingar á pósthafi þínu?**

- 17.1 Allar tilkynningar og yfirlýsingar, sem eru ætlaðar okkur, verður þú að afhenda skriflega. Þær skal senda til aðalstöðva okkar eða til þeirra hlutaðeigandi útibúa sem tilgreind eru í tryggingarskírteininu eða viðbótum við það.
- 17.2 Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á pósthfangi þínu nægir að senda viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt. Yfirlýsing okkar öðlast gildi á þeim tíma þegar hún hefur borist þér með reglulegum bréfburði án breytingar pósthfangs.
- 18 Hvaða lög gilda?**  
Um þennan samning gilda þýsk lög.
- 19. Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?**
- 19.1 Við höfum rétt til þess að breyta viðkomandi skilmálum, bæta við þá eða setja aðra í stað þeirra (aðlögun) við;
- breytingu á gildandi lagareglum eða gildistöku nýrra lagareglna sem hafa bein áhrif á einstök ákvæði samningsins;
  - breytingar á dómgæslu á æðsta dómstigi sem snerta tryggingarsamninginn;
  - löglega bindandi úrskurð dómstóls um ógildingu einstakra skilmála;
  - andmæli tryggingaeftirlits eða samkeppnisstofnunar með gildri stjórnsýsluaðgerð gegn einstökum skilmálum þar sem þeir samrýmist ekki gildandi lögum eða
  - brot einstakra skilmála gegn viðmiðunarreglum eða umburðarbréfum tryggingaeftirlits eða samkeppnisstofnunar.
- 19.2 Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir skilmála um viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur þínar eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.
- 19.3 Aðlögun er aðeins leyfileg ef ofanefndar breytingarástæður valda verulegri truflun á því hlutfalli framlags og móthframlags sem byggt var á við samningsgerð. Ef um ógildingu eða andmæli gegn einstökum skilmálum er að ræða er aðlögunin auk þess aðeins leyfileg ef í lagafyrirmælunum felast engar reglur sem koma í stað skilmálanna sem voru ógiltir eða var andmælt.
- 19.4 Með aðlöguninni má hlutfallið milli framlags og móthframlags sem byggt var á við samningsgerð ekki breytast þér í óhag þegar litið er á aðlögunina í heild (skerðingarbann). Aðlögunin verður að fara fram eftir meginreglum heildrænnar samningstúlkunar þar sem gætt er hagsmuna beggja aðila.
- 19.5 Aðlögunarréttur okkar gildir með áður nefndum skilyrðum um skilmála með sama meginefni ef úrskurðir dómstóla og yfirvalda beinast gegn öðrum tryggjendum.
- 19.6 Óháður fjárhaldsmaður verður að kanna og staðfesta að aðlögun sé leyfileg og hæfileg. Ákvæði tryggingaeftirlitslaga um skipun fjárhaldsmanns gilda eftir því sem við á.
- 19.7 Við kynnum þér aðlagaða skilmála skriflega og skýrum þá. Þeir teljast samþykktir ef þú andmælir ekki skriflega innan sex vikna eftir kynninguna. Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægir að senda andmælin í tæka tíð.
- 19.8 Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi. Innan fjögurra vikna eftir að andmælin berast getum við sagt upp slysatryggingunni með átta vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda áfram með samninginn án aðlögunar.**



## Sérstakir skilmálar fyrir slysalífeyrisgreiðslutryggingu plús með aukningu bóta og iðgjalds (Aukning)

---

Þú hefur samið við okkur um slysalífeyrisgreiðslutryggingu plús þar sem upphæðir og iðgjöld eru aðlöguð.

- 1 Við hækkum slysalífeyrisgreiðsluna (Unfallrente) í hvert sinn um sama prósentustig og hámarksíðgjald í lögskipaðan lífeyrissjóð fastra starfsmanna er hækkað, minnst þó um 5%. Hver hækkun fer fram í byrjun tryggingarársins sem fer á eftir viðmiðunardegi fyrir hækkun hámarksíðgjaldsins eða fer saman við hann.
- 2 Þá er slysalífeyrisgreiðslan í hvert sinn jöfnuð á heila tugi evra.
- 3 Hækkun slysalífeyrisgreiðsla gildir fyrir öll bótamál sem koma upp eftir hækkunardaginn.
- 4 Iðgjaldið hækkar í sama hlutfalli og lífeyristryggingin.
- 5 Fyrir hækkunardaginn færð þú skriflega tilkynningu um hækkunina.  
  
Hækkunin fellur niður ef þú mótmælir skriflega innan sex vikna eftir tilkynningu okkar. Við bendum þér á frestinn.
- 6 Þú og við getum líka afturkallað þennan aukningarsamning fyrir allan samningstímann sem eftir er. Afturköllunin verður að fara fram skriflega, í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok tryggingarársins.
- 7 Ef hinn tryggði er orðinn fullra 60 ára við hækkunina eða fari slysalífeyrisgreiðslan með hækkuninni yfir 3000 evrur gildir samningurinn áfram án aukningar bóta og iðgjalds.